

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 30. september 1994

um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinna afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum

(94/658/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/675/EBE frá 10. desember 1990 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðis-
eftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 90/675/EBE er unnt að lækka tíðni eftirlits með ástandi afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum.

Í ákvörðun 94/360/EB ⁽³⁾ samþykkti framkvæmdastjórnin ráðstafanir um lækun á tíðni eftirlits með ástandi afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum. Lægri tíðnin skal gilda frá 1. október 1994, að lokinni endurskoðun tíðninnar á grundvelli niðurstaðna úr öllu eftirliti með innfluttum afurðasendingum.

Nauðsynlegt er að gera frekari ráðstafanir til að samhæfa innflutningsskilyrði vegna innfluttra afurða.

Þörf er fyrir meiri reynslu í aðildarríkjnum af eftirliti með afurðasendingum til að unnt sé að endurskoða tíðnina eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 3. gr. Þess vegna ber að fresta gildistökudegi tíðninnar til 1. mars 1995 og eindaga fyrir fyrstu afhendingu aðildarríkjanna á niðurstöðum eftirlits til 1. janúar 1995.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 94/360/EB er breytt sem hér segir:

— í stað „1. september 1994“ í 1. mgr. 3. gr. komi „1. janúar 1995“,

— í stað „1. október 1994“ í 3. mgr. 3. gr. komi „1. mars 1995“,

— í stað „1. október 1994“ í 7. gr. komi „1. mars 1995“.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. september 1994.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 373, 31. 12. 1990, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 62, 15. 3. 1993, bls. 49.⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 158, 25. 6. 1994, bls. 41.